
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



1. Árg. 9 tbl. nóvember 2021

Fréttir frá Þjórsárskóla



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi



Jól í skókassa - Árlega tekur Þjórsárskóli þátt í verkefninu Jól í skókassa. Skókassarnir verða sendir til fátækra í Úkraínu. Allur skólinn tekur þátt í verkefninu, lögð er áhersla á að nýta það sem til er, setja í kassana dót og fatnað sem börnin eru hætt að nota. Góðar umræður spunnust í kringum þessa vinnu m.a. um kærleik og hjálpssemi.

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða – og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

Skáld í skóla – Föstudaginn 22. október fengum við til okkar góða gesti. Þau Kristín Ragna Gunnarsdóttir og Sverrir Norland kynntu sig og verk sín og fengu síðan nemendur til að búa til ævintýralega sögu með sér. Nemendur voru hugmyndaríkir og tóku virkan þátt. Frábær skemmtun.



Bleiki dagurinn - Markmiðið með deginum var að hvetja landsmenn til að sýna þeim sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra stuðning með því að klæðast bleiku og hafa bleikt í fyrirrúmi. Við í Þjórsárskóla sýndum samstöðu og tókum þátt í þessum degi.



Hrekkjavaka – Í tilefni Hrekkjavöku var náttfatadagur hjá okkur í Þjórskóla föstudaginn 29. október. Ýmis uppbrot voru frá kennslu þennan dag, stofur voru skreyttar og boðið var upp á margskonar „hrikalegar“ veitingar.

Frétt frá 7. bekk

Í október hefur 7. bekkur verið með hrekkjavökupema í íslensku. Krakkarnir hafa hlustað daglega á nýjan kafla af spennandi sögu um hrekkjavöku í skóla á Reykjanesi.

Úrvinnsla úr sögunni var að búa til frétt um

atburðina, taka viðtöl við þá sem lentu í atburðum, gera endursögn, vinna persónulýsingar um uppvakninga og einstaka orðavinna þar sem texti sögunnar var notaður.



Í síðustu viku október fengu þau að upplifa stemninguna í sögunni með því að þurfa að ná ákveðinni flóttaleið úr stofunni og ná mótefni svo þau yrðu ekki að uppvakningum. Það gekk frábærlega. Stemningin var mikil, spenningurinn í hámarki, mikil og jákvæð samvinna og allir náðu að komast í gegnum alla leiðina. Í því verkefni þurftu þau að finna sveitarfélög, póstnúmer, raða í stafrófsröð, finna orð og staði. Í lokin uppskáru þau mótefni sem voru jarðarber í draugabúningi. Föstudaginn fyrir hrekkjavökuhelgina enduðu þau vinnuna á svolítið huggulegum tíma þar sem þau fengu hrekkjavökuveitingar eins og rice crispie heila og leðurblökur. Þau áttu rólega stund í spjalli og leik. Hópurinn í heild vann frábærlega, sýndi þrautseigju við að halda út í sama þema í heilan mánuð.

Hólaskógur endurnýjaður



Fjallaskálinn Hólaskógur við Sprengisandsveg hefur núna í sumar verið endurnýjaður að utan og innan. Að sögn Magnúsar Orra Marínarsonar Schram, framkvæmdastjóra Rauðukamba, sem hefur skálann á leigu, var Hólaskógur málaður að innan sem utan, nýjar suðursvalir settar á efri hæð, eldhúsin á báðum hæðum endurnýjuð og svo voru settir nýir gluggar í austurátt, til Heklu. Þá var svefnaðstaða bætt til muna, svefnrýmin stúkuð af og allar kojur og dýnur endurnýjaðar.

Verkstjóri breytinga voru bræðurnir í Þrándarholti.

Skálinn verður áfram leigður út til svefnpokagistingar til ferðahópa en skálinn er sérstaklega vinsæll meðal hesta- og ferðahópa. Skálinn tekur ríflega 40 manns í gistingu.

Meðfylgjandi eru myndir af skálanum eftir breytingarnar í sumar.





Breyting á sorphirðu í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Náttúran okkar er takmörkuð auðlind sem okkur mannfólkinu ber skylda til að fara vel með og nýta vel.

Ljóst er að á komandi árum muni lagasetningar um urðun og flokkun sorps breytast töluvert og mun því þróun sorphirðu hér í sveitarfélaginu þurfa að aðlagast þeim lagasetningum á komandi misserum.

Hér á landi hefur undanfarin ár verið unnið að samræmingu á litakóða- og hugtakakerfi yfir söfnun úrgangs frá heimilum, rekstraraðilum og söfnunarstöðvum. Nær þetta litakerfi einnig til annarra Norður- og Evrópulanda og er um að ræða svokallað Fenúr litakerfi þar sem tilgangurinn er að einfalda og skýra upplýsingar um söfnun úrgangs til notenda og að upplýsingar um söfnun úrgangs séu alls staðar þær sömu þrátt fyrir að söfnun úrgangs sé breytileg á milli sveitarfélaga. Sjá má frekari upplýsingar um Fenúr litakerfið á www.fenur.is

Síðast liðið vor var farið í útboð v. sorphirðu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Íslenska Gámafélagið var þar lægstbjóðandi og mun halda áfram sorphirðu í sveitarfélaginu eins og áður. Nýr samningur tekur gildi nú 1. desember og gildir hann til ársins 2025.

Hingað til hefur hvert sveitarfélag haft sinn háttinn á, en í kjölfar nýrra samninga við Íslenska Gámafélagið hefst nú aðlögun okkar í Skeiða- og Gnúpverjahrepp yfir í þetta nýja litakerfi á tunnunum. Einhvern tíma þarf þó í aðlögunina, ekki verður farið í að skipta út þeim tunnum sem eru til staðar enda væri um sóun að ræða. Litakerfinu verður hins vegar komið á smátt og smátt við endurnýjun tunna. Núverandi ílát hjá sveitarfélaginu eru 240l tunna fyrir almennan úrgang og 660l tunna sem notuð er sem endurvinnslutunna. Hins vegar stendur til að bæta við 360l tunnu fyrir plast úrgang og mun þá 660l tunnan verða eingöngu notuð fyrir pappírs og pappa úrgang. Hin nýja tunna mun verða keyrð að heimilum í sveitarfélaginu núna í byrjun desember.

Í stóru 660l. tunnuna sem nú er græn og er við hvert heimili má enn fara allt flokkað rusl sem sýnt er hér í flokkunartöflunni **NEMA** plastið sem sýnt er á litla glugganum sem búið er að draga „hring“ utan um. Sá flokkur færist yfir í nýju 360 l. tunnuna sem væntanleg er í byrjun desember.

Flokkunartafla

Græna tunnan



Í Grænu tunnuna fara endurvinnanlegar umbúðir úr **plasti**, pappír, pappi og smáir málmhlutir. Til að hægt sé að endurvinna umbúðir þurfa þær að vera hreinar. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með almennu sorpi.

Bylgjupappi



Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar og flutningskassar

Dagblöð og tímarit



Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír

Sléttur pappi/fernur



Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkorns-pakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírstrúllum

Plastumbúðir



Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma

Málmar



Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar

✗ Má ekki fara

Óhreinar umbúðir
Leikföng
Frauðplast
Raftæki
Geisladiskar og dvd diskar
Tannburstar
Plastmökkur
Bökunarpappír
Lyfjaspjöld
Umbúðir undan spilliefnum

Samhliða þessum breytingum á tunnum við heimili og stofnanir sveitarfélagsins stendur til að koma upp grenndarstöðvum í þéttbýlum sveitarfélagsins.

Á grenndarstöðvum verða gámar fyrir almennan úrgang, pappa/pappír, plast, mál, gler og lífrænan úrgang. Þær verða opnar allan sólarhringinn og vonast er til að þjónustan verði þannig ívið meiri, samhliða gámasvæðunum.

Með þessu fyrirkomulagi vonast sveitarfélagið einnig til að aukning verði í flokkun til endurvinnslu og spara þannig allt í senn auðlindir jarðar, orku og draga úr urðun.

Hér má sjá dæmi um grenndarstöð og svokallaða framhlaðningsgáma sem þar verða, allir merktir eftir litakerfi Fenur:



Stofnfundur Kirkjukórs Ólafsvalla-og Stóra-Núpssókna

verður haldinn þann 29. nóvember n.k. kl. 20:00 í Árnesi ef aðstæður leyfa í samfélaginu.

Dagskrá:

- 1. Fundur settur af fulltrúa undirbúningsnefndar og stjórnar hann fundi og fulltrúi í nefndinni ritar fundargerð.**
- 2. Tillaga um að stofna Kirkjukór Ólafsvalla - og Stóra Núpssókna tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu.**
- 3. Þeir fundarmenn sem óska eftir að verða stofnfélagar tilkynna það og skrá sig.**
- 4. Stofnfélagar sem hafa skráð sig taka ákvarðanir og greiða atkvæði vegna dagskrárliða fundarins sem á eftir koma.**
- 5. Samþykktir lagðar fram til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu, kórsjórn kjörin og skoðunarmenn reikninga.**
- 6. Önnur mál.**
- 7. Fundarhlé - Veitingar.**
- 8. Fundargerð lesin upp og stofnfélagar undirrita.**
- 9. Fundarslit.**

Allir þeir sem hafa áhuga á að syngja og starfa með kórnum eru hjartanlega velkomnir!

Kórarnir við kirkjur sóknanna í sveitarfélaginu hafa átt afar farsælt og gefandi samstarf í gegnum árin en nú viljum við verða ein heild og trúum því að með sameiningu styrkist menningar og kirkjustarfið enn frekar í sveitinni.

Bestu kveðjur.

Undirbúningsnefndin.

Svæðisskipulag fyrir Suðurnálandið **Opinn kynningarfundur**

Opinn kynningarfundur á vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurnálandið verður haldinn í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli
24. nóvember nk. kl. 19:30 – 21:30.

Fundinum verður líka streymt, sjá nánar á www.sass.is

Svæðisskipulagsnefnd fyrir **Suðurnálandið**

Næsta 4 vikna sprikl námskeið að byrja!

Næsta Sprikl námskeið hjá Elinu Moquist byrjar 23. nóvember og stendur til 16. desember.

Námskeiðin eru á þriðjudögum og fimmtudögum í Brautarholti.

Kvennanámskeið kl. 19-20.00

Karlanámskeið kl. 20.10-21.00

Nú í haust hefur verið mjög góð þátttaka, stór hópur kvenna mætir í spriklið og náðist að lokum næg þátttaka í karlasprikl líka en það er alltaf pláss fyrir fleiri!

Skeiðalaug 46 ára

Mánudaginn 15. nóvember voru liðin 46 ár síðan Skeiðalaug var vígð. Af því tilefni bauð Ungmennafélag Skeiðamanna, í samstarfi við MS upp á léttar veitingar, nokkrar vel valdar myndir frá byggingu laugarinnar skreyta nú veggina og frítt var í sund. Um 50 manns komu í sund á afmælisdaginn.

Kvenfélag Skeiðahrepps færði lauginni við þetta tækifæri gjafir; sundleikföng fyrir krakkana sem eflaust verða vel nýtt. Aðstandendur færa Kvenfélaginu kærar þakkir fyrir.

Hér fyrir neðan má sjá mynd af nokkrum sundgestum að taka við gjöfinni



Landsátakið *Syndum*

Í nóvember stendur Íþróttta og Ólympíusambandið fyrir landsátakinu *Syndum* þar sem landsmenn eru hvattir til að synda og taka þátt í að synda í kringum landið. Hægt er að skrá sig á síðunni syndum.is og eiga þá möguleika á verðlaunum.

Ungmennafélag Skeiðamanna bætir þó um betur og hægt er að vinna verðlaun frá félaginu fyrir þá sem synda 1500m, 4000m 7000m eða meira. Til að taka þátt hjá Umf. Skeiðamanna er hægt að skrá sig í Skeiðalaug hjá Eypóri. Gríðarlega góð þátttaka hefur verið í áttakinu, þegar hafa verið syntir fleiri tugþúsundir metra og fólk á öllum aldri tekur þátt. Út nóvember opnar Skeiðalaug fyr á mánudögum, hún er því opin 16 – 22 á mánudögum og 18-22 á fimmtudögum.

Neslaug er svo opin sem fyrr á miðvikudögum 17 – 22 og laugardögum 13-18

